

Miðvikudaginn 11. október 1989.

Nr. 383/1989. **Ákærvaldið**

gegn

**Björgvin Ólafssyni,
Guðrúnu Elise Jacobsen,
eiganda Vídeóvals,
og
Ís- og vídeóvali hf.**

Kærumál. Húsleit. Hald á munum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðilar hafa með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1989, sem barst Hæstarétti 3. þ.m. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur í greinargerð 4. þ.m. krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) 26. september 1989 um húsleit og hald á munum eru Björgvin Ólafsson og Guðrún Elise Jacobsen tilgreind sem kærðu í málinu.

Guðrún Elise hefur hinn 25. september sl. skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni, að hún hafi verið eigandi Vídeóvals frá 1. október 1987, en Björgvin hafi verið framkvæmdastjóri. Ís- og vídeóval hf. hafi formlega tekið til starfa 20. september 1989, og hafi einkafirma sitt, Vídeóval, þá runnið inn í hlutafélagið. Samkvæmt gögnum málsins eru Guðrún Elise og Björgvin í stjórn hlutafélagsins og Björgvin framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Þá greindi Guðrún Elise svo frá, að eyðublöð með nafni Vídeóvals væru en notuð, þar sem ekki hefði unnist tími til að prenta ný eyðublöð.

Hinn kærði úrskurður var birtur Björgvin Ólafssyni 28. september sl. Kvaðst hann „fús að verða við ákvæðum úrskurðarins og afhenda RLR þau eintök af myndinn DIEHARD, sem hann hefur enn í sinni vörslu, svo og skjallag gögn um sölu og útleigu

myndarinnar“. Sama dag fóru tveir lögreglumenn í myndbanda-leiguna að Laugavegi 118. Þar afhenti Björgvin „um beðin gögn og hylki utan af fimm myndböndum, er heita DIEHARD. Myndböndin sjálf sagði hann vera „úti“.“

Með vísan til framanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 27. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að heimiluð verði með úrskurði húsleit í húsnaði Vídeóvals, Laugavegi 118, Reykjavík, í því skyni að leggja þar hald á öll myndbönd og kápur af kvikmyndinni DIEHARD, sem gefin er út af fyrirtækinu CBS/FOX VIDEO, 1211 Avenue of the Americas, New York, New York 10036. Er jafnframt sú krafa gerð, að heimilað verði að leggja hald á öll bókhaldsgögn, svo sem leigu- og sölusamninga, í hvaða formi sem þau eru, þ. á m. upplýsingar og gögn í tölvuskráðu formi. Þá er gerð krafa um, að leitarheimildin nái til læstra hirslna.

Málavextir eru þeir, að 21. september sl. lagði Steinar Berg Ísleifsson f.h. Steina hf. fram kæru á hendur Björgvin Ólafssyni f.h. fyrirtækisins Vídeóvals, Laugavegi 118, vegna ætlaðrar ólögætrar og óheimillar dreifingar á kvikmyndinni DIEHARD frá CBS/FOX VIDEO. Kærandi hefur lagt fram gögn, er hann telur sýna fram á einkarétt Steina hf. til dreifingar og sölu áðurgreindrar myndar. Þá er upplýst, að kærði, Björgvin Ólafsson, kom með myndina til skoðunar 20. þ.m. til Kvikmyndaeftirlits ríkisins, og er haft eftir forstöðumanni eftirlitsins, að kærði hafi sagst hafa undir höndum 25 eintök af myndinni og ætli þau til sölu, en ekki útleigu.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR kannast við að hafa flutt mynd þessa til landsins frá Bretlandi, en hins vegar vildi hann ekki gefa upp fjölda eintaka. Kvað kærði myndina einungis ætlaða til sölu, en ekki útleigu. Kvað hann myndina verða selda með greiðslukjörum, þannig, að menn staðfestu kaupin með 350 króna innborgun, og skyldi greiða eftirstöðvar, u.þ.b. 7.150,00 kr., eftir einn mánuð eða eftir samkomulagi. Kvað kærði, að unnt væri að láta kaupin ganga aftur innan sólarhrings, og væri þá stað-

festingargjaldið óendurkræft. Hefur Guðrún Jacobsen borið, að 20 eintök hafi verið seld af myndinni.

Samkvæmt samningi á milli CBS/FOX VIDEO og Steina hf. hafa Steinar hf. einkarétt til hvers konar dreifingar á Íslandi á myndefni frá CBS/FOX VIDEO, þ. á m. sölu á myndböndum. Kærðu telja hins vegar einkarétt Steina hf. einungis ná til útleigu á myndböndum, en ekki sölu, en hins vegar hafa þau ekki lagt fram gögn, er heimila þeim sölu á myndinni DIEHARD hér á landi.

Af framansögðu má ljóst vera, að rökstuddur grunur leikur á því, að kærðu séu með þessum viðskiptaháttum sínum að sniðganga þann einkarétt, er Steinar hf. virðast hafa, og brjóta þannig gegn höfundalögum. Þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. mgr. 48. gr., sbr. 51. gr., laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

RLR er heimilað að gera húsleit í húsnæði Videóvals, Laugavegi 118, Reykjavík, í því skyni að leggja þar hald á öll myndbönd og kápur af kvikmyndinni DIEHARD, sem gefin er út af CBS/FOX VIDEO. RLR er jafnframt heimilt að leggja hald á öll bókhaldsgögn, svo sem leigu - og sölusamninga, í hvaða formi sem þau eru, þ. á m. upplýsingar og gögn í tölvuskráðu formi.

Leitarheimildin nær til læstra hirslna.
